

Ályktun 7. þings SGS um húsnæðismál

Staðreyndin er sú að á Íslandi hefur verka- og láglounafólki ekki verið tryggt aðgengi að góðu húsnæði á mannsæmandi kjörum. Verkamannabústaðakerfið var eyðilagt með pólitísku skemmdarverki og með því var húsnæðisöryggi tekið af stórum hópi fólks um allt land. Eftir hrun misstu þúsundir landsmanna heimili sín en í stað þess að stjórnvöld tækju að sér að gæta hagsmuna alþýðufólks var fjármagnseigendum gefið færi á að sölsa undir sig leigumarkaðinn með skelfilegum afleiðingum.

Verkafólk í dag þarf að færa miklar fórnir til þess eins að hafa þak yfir höfði sér. Þetta á jafnt við á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Hvergi sést sú ömurlega stéttaskipting, sem hefur fengið að vaxa óhindrað á Íslandi, með skýrari hætti en þegar húsnæðismál eru skoðuð. Á meðan auðmenn nota húsnæðismarkaðinn til að græða hundruð milljóna þarf láglounafólk að greiða allt að 80% ráðstöfunartekna sinna í leigu. Ástandið er óásættanlegt.

Því er það krafa 7. þings SGS að stjórnvöld efni að fullu gefin loforð í lífskjarasamningnum. Þess er krafist að róttækar breytingar verði gerðar til að tryggja það að hagsmunir verkafólks verði teknir fram yfir hagsmuni fjármagnseigenda.